


# GRÆÐIR

ÁBURÐARRIT 2024




## Niðurstöður hefnagreininga 2023

Þegar líða fer að gerð áburðaráætlana fyrir vorið er gott hjálparkæmi að rýna í heysýni fyrri ára og innihald þeirra og síðan meta í samræmi við áburðargjöfina hvort þörf sé á breytingum. Mikilvægt er að taka jarðvegssýni sem segja til um magn næringarefna í jarðvegi, en heysýnin segja til um magn þeirra í sjálfu gróffóðrinu. Samspil þeirra er síðan nýtt til að meta áburðarþörfina fyrir næsta vor. Eftirfarandi niðurstöður eru úr ríflega 2.000 heysýnum sem greind voru hjá Efnagreiningu ehf. frá kúabúum, sauðfjárbúum og hrossabúum. Greindum heysýnum er ávallt að fjölga og því verða niðurstöður fyrir landið allt ávallt nákvæmari milli ára, sem ber að fagna.

Heyfengur fyrir veturinn 2023/2024 er frábrugðinn fyrri árum og töluvert mismunandi milli landshluta. Óhentugt veðursfar á Suður- og Vesturlandi seinni hluta júnímánaðar gerði það að verkum að fyrri sláttur náðist 2-3 vikum seinna en í hentugu árferði. Því var algengt að grös voru slegin eftir skrið. Með auknu þroskastigi, sérlega eftir skrið, eykst innihalds tréni á kostnað próteins og auðmeltanlegra, orkuríkra næringarefna og meltanleiki og orka minnkar. Háin sem náðist var þó iðullega orkurík og próteinrík. Þó bar á lífylli uppskeru á há á sumum svæðum, t.d. stöku bæjum á Suðurlandi og á Snæfellsnesi vegna þurrkatíðar seinni part sumars.

Meltanleiki er örlítið lægri í heildina milli ára. Það er vegna þess að meltanleiki fyrri sláttar er lægri á Suðurlandi, og örlítið lægri á Vesturlandi, en meltanleikinn hækkar á Norðurlandi. Bændur í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu náðu prýðis heyfeng sem ætla mætti að gæfi góðar afurðir í vetur. Háin er orkurík og kröftug í öllum landshlutum, þó magnið hafa verið mismunandi. Vegna misræmis í skráningum tókst ekki að vinna tölfræði úr sýnum á grænfóðri. Ekki eru nein hámarks á æskilegum meltanleika, í raun því hærri því betri þegar kemur að mjólkurframleiðslu, að því gefnu að önnur gildi séu innan viðmiða, t.d. tréni (NDF). Neðri mörk æskilegra gilda eru oft talin 75% en þó er ljóst að til að flokka hey sem úrvals gróffóður fyrir mjólkurkúr þarf meltanleiki lífræns efnis að vera helst 78% eða hærra. Í ár eru mörg sýni af fyrri slætti 75-77%.

Ef meltanleiki lífræns efnis ækkar, minnkar framboð aðgengilegra næringarefna fyrir gripinn til að nýta til vaxtar, vinnu eða mjólkurframleiðslu. Því þarf að endurskoða gróffóðurgjöfina og kjarnfóðurgjöfina með því tilliti ef ná á sömu framleiðslu afurða og fyrri ár. Líklegt þykir að háin spili stærra hlutverk í gróffóðurskammti mjólkurkúna á mörgum bæjum þennan veturinn.



Mynd 1 sýnir hinn mikla mun á meltanleika lífræns efnis (MLE) milli slátta.

Ekki er marktækur munur á tréni (NDF) milli ára í heildina. Þó er trénið ögn hærra í fyrri slættinum, en lægra í há og þriðja slætti. Nægilegt magn NDF er gríðar mikilvægt öllum grasbítum sem nýta trefjar sem orkugjafa með aðstoð örverugerjunar í vömb eða víðgirnri (hestar). Trefjar brotna hægt niður. Ef ríkulegt tréni er í fóðurskammtinum, er átgeta takmörkuð og heildar afurðir verða því minni. Það er því mikilvægt að slá kúaley á réttum tíma til að ná heppilegu NDF magni í heyfengnum.

Prótein er aðeins hærra milli ára, aðallega á Norðurlandi og Vesturlandi einnig. Þó er mikill breytileiki milli sýna og landshluta. Prótein í gróffóðri á Íslandi eru fremur há miðað við nágrannalöndin.



### Heyfengurinn í ár:

- Lægri meltanleiki á Suður- og Vesturlandi, hærri á Norðurlandi.
- Hráprótein breytilegt en hækkar að meðaltali, sérlega á Norðurlandi.
- Trénið á passlegu bili í heildina, í ríflegri kantinum þó.
- Steinefnin eru mismunandi milli ára.
  - Kalsíum er áfram undir æskilegum viðmiðum.
  - Fosfór undir æskilegum viðmiðum sem fyrr, en þó nær mörkum.
  - Kalí hækkar milli ára.
  - Selen hækkar og mögulega komið að ákveðnum æskilegum mörkum.
- Hærra sykurnnihald.

Landshluti	Purrefni g/kg þurrefnis	Meltanleiki (%) g/kg þurrefnis	(NEL 20) g/kg þurrefnis	Orka (Fem) g/kg þurrefnis	Hráprótein g/kg þurrefnis	SCP g/kg þurrefnis	NDF g/kg þurrefnis	iNDF g/kg NDF	Sykur g/kg þurrefnis
Allt landið 2023	576	76,7	6,7	0,85	152	504	500,3	146	67
Allt landið 2022	532	76,8	6,7	0,85	150	531	500	152	65
Suðurland	585	76,6	6,71	0,85	151,5	499	500	146	65
Vesturland	569	76,5	6,7	0,85	155,2	514	490	157	61,5
Norðurland	559	77,4	6,79	0,863	156,8	519	497	142	70,5
Austurland	546	76,2	6,66	0,846	147,7	512	503	162	67,7
Viðmið	300 - 600	>75	>6,2		140 - 180	400 - 600	450 - 510	80 - 120	40 - 120

Tafla 1. Fóðurgildi gróffóðurs eftir landshlutum og á landinu öllu, 2021-2022.

Landshluti	Ca g/kg þurrefnis	P g/kg þurrefnis	Mg g/kg þurrefnis	K g/kg þurrefnis	Na g/kg þurrefnis	S g/kg þurrefnis	Se mg/kg þurrefnis
Allt landið 2023	4,2	2,8	2,5	18,2	1,7	2,3	359
Allt landið 2022	4,2	2,9	2,4	17,7	1,7	2,3	243
Suðurland	4,1	2,8	2,4	19,2	1,7	2,3	333
Vesturland	4,2	2,9	2,5	17,6	2	2,4	343
Norðurland	4,2	2,8	2,4	18,6	1,5	2,1	210
Austurland	4,1	2,7	2,5	17,8	1,2	2,2	383
Viðmið	4,5 - 6,5	3 - 4,5	2 - 3,5	25 - 35	2 - 3	2 - 4	90 - 250

Tafla 2. Steinefninnihald gróffóðurs eftir landshlutum og á landinu öllu.

## Steinefni 2023

Á steinefnum eru breytingar milli ára. Kalí hækkar enn milli ára, sem og árið áður. Kalí er nauðsynlegt næringarefni fyrir plöntuna og mikilvægt fyrir jónajafnvægi mjólkurkúa, en óæskilegt í miklu magni fyrir geldkúr. Ráðgjöf með þrígildan áburð með skít hefur aukist, til að auka kalí í jarðvegi og hringrásinni. Sú ráðgjöf virðist vera að skila sér í auknu kalí í heysýnum.

Kalsíum (Ca) er svipað milli ára, en þó aðeins undir æskilegum viðmiðum. Ca er hægt að bæta upp í fóðri. Ca spilar einnig stórt hlutverk þegar kemur að því að hækka sýrustig í jarðvegi. 60% ræktaðs lands telst súrara en æskilegt þykir. Lágt sýrustig kemur niður á áburðarnýtingu og uppskeru. Því er mikilvægt að huga vel að sýrustigi og kölkun við alla jarðrækt. Notkun á Ca ríku áburði spornar við súrnun jarðvegs og viðheldur frekar eðlilegra pH-gildi.

Fosfór (P) er örlítið undir lágmarki æskilegra gilda. 59% ræktaðs lands flokkast með lágt eða mjög lágt fosförgildi. Fosfór er lægstur á Austurlandi í ár en oft hefur fosfórinn verið lægstur á Norðurlandi. Nægt framboð af P, einu af megin steinefnum í uppbyggingu stoðkerfis líkamans er nauðsynlegt, vegna mikilla áhrifa á efnaskiptaferla líkamans og nauðsynlegs framboðs fosfórs fyrir vambarörverur.


Ekki er skortur á magnesíum (Mg) í heildina. Mg er nauðsynlegt taugakerfinu, ensímefnaskiptum og orkuefnaskiptum og því nægt framboð á Mg mikilvægt fyrir búfé.

## Selen

Selen hefur hækkað stöðugt í heysýnum síðustu ár. Æskileg gildi fyrir búfé eru 90-250 µg/kg. Meðaltal landsins er nú komið upp í 349 µg/kg.

Ráðleggingar áður fyrr gerðu ekki ráð fyrir að selen safnist fyrir í jarðveginum að ráði. Nú er hins vegar vísbendingar um að ákveðin forði eða uppsöfnun geti byggst upp í jarðveginum. Mögulega er áburðargjöf með selen orðin óþörf við ákveðnar aðstæður.

Selen er gríðarlega mikilvægt búfénaði, t.d. sem byggingarefni frumna, vegna ensím virkni, E vítamín virkni, o.fl. of mikið selen getur þó verið óþarfa kostnaður og jafnvel nálgast eitrunarmörk í mikilli ofgnótt. Á mynd 2 sést vel að meðalmagn selen í heyfeng er vel yfir lágmarkum æskilegra gilda í fóðri og því greinilegt að bændur huga vel að seleni í sínum heyfeng.



Mynd 2. Selen innihald gróffóðurs á Íslandi 2023. Gráa svæðið sýnir æskileg gildi.

## ÁBURÐARTEGUNDIR 2024

## Magni 1

N27

EINKORNA Ca

Hentar vel á milli slátta og fyrir fyrsta slátt, þar sem búfjáraður er notaður á eldri tún. Hentar einnig sem viðbótaráburður á grænfóður. Kalkríkur áburður sem kemur í veg fyrir lágt sýrustig jarðvegs sem hefur góð og jákvæð áhrif á frjósemi jarðvegsins.

## Magni S

N26+4S

EINKORNA S Ca

Hentar vel á milli slátta, á grænfóður og á tún, sem fá nægan búfjáraður. Frábær fyrir beitolönd og tún með vöntun á brennisteini. Byggir upp rótarkerfið.

## Fjölmóði 3

25-5

Ca Se

Hentar þar sem þörf er á tvígildum NP áburði með búfjáraður. Einnig notaður sem uppgræðsluáburður, þar sem ekki er þörf á kalí. Kalkrík blanda.

## Græðir 1

12-12-17

EINKORNA S Mg B

Klórfrír einkorna áburður fyrir ræktun á matjurtum, kartöflum og jurtum af krossblómaætt, t.d. káli, gulrótum, gulrófum, spínati og salati. Hentar einnig í skrúðgarða og skógrækt.

## Græðir 4

24-8-7

EINKORNA S Ca Se

Blandaður einkorna áburður. Ríkur af köfnunarefni með hlutföll í meðallagi af fosfór (P) og kalí (K). Hentar einnig með búfjáraður. Í blöndunni er 2% brennisteinn (S) og 2,3% kalk (Ca) sem ætti að nægja til að viðhalda jarðvegsforða. Inniheldur selen (Se).

## Græðir 5

15-15-15

EINKORNA S Ca

Góður fyrir endurræktun túna og í kornrækt á frjósömu landi. Fyrir allt grænfóður í frumræktun og fyrir kál. Hentar vel á nýrækt og þar sem skortur er á fosfór (P) og kalí (K) í túnum. Kalkrík blanda.

## Græðir 6

20-10-10

EINKORNA S Ca Se

Einkorna áburður sem uppfyllir þarfir meðaltúna, sem fá að auki góða skammta af kalsíum (Ca) og seleni (Se). Hentar vel þar sem ekki er búfjáraður. Er líka góður fyrir grænfóðurrækt, bygg og hafra.

## Græðir 8

21-6-12

EINKORNA S Mg B

Fyrir kalísnaud mýrartún, sem eru algengust um vestan- og norðanvert landið. Af þrígildum áburðartegundum, hentar Græðir 8 síst með búfjáraður.

## Græðir 9

27-6-6

EINKORNA S Se

Þrígildur einkorna áburður. Hentar á gömul tún, þar sem fosfór (P) hefur safnast upp. Góður með búfjáraður, ef þörf er á að bera þrígildan áburð á. Vinsæl áburðartegund. Inniheldur selen (Se).

## Græðir 9b

27-6-6

EINKORNA S

Þrígildur einkorna áburður. Hentar á gömul tún, þar sem fosfór (P) hefur safnast upp. Góður með búfjáraður, ef þörf er á að bera þrígildan áburð á. Vinsæl áburðartegund. Án selen (Se).

## Fjölgræðir 12

22-8-8

Ca Se

Ætlaður til notkunar einn og sér á tún í góðri rækt. Einnig hentugur með búfjáraður á efnasnaud tún. Góður á beitartún. Hentugur skammtur af brennistein, kalki og seleni.

## UREA Limus® Pro

N46

EINKORNA

Húðaður eingildur, einkorna UREA áburður, sem hentar fyrir íslenskar aðstæður. Hátt hlutfall köfnunarefnis. Hentar vel þar sem þörf er á viðbót af köfnunarefni. Góður með búfjáraður og á beitalönd. Hagkvæmasti kosturinn af köfnunarefnisáburði, sem völ er á.

## UREA Limus® Pro

NP38-8

Se

Húðaður tvígildur UREA áburður, sem hentar fyrir íslenskar aðstæður. Góður með búfjáraður á eldri tún. Hagkvæmur kostur. Inniheldur selen (Se).

## UREA Limus® Pro

NPK28-13-11

Se

Húðaður þrígildur UREA áburður, sem hentar fyrir íslenskar aðstæður. Góð samsetning NPK gilda sem hentar vel á efnasnaud tún. Inniheldur selen (Se).

## OMYA

Kornað kalk-600 kg

Ca

Auðvelt er að dreifa kornuðu kalki með áburðardreifara. Leysist fljótt upp í jarðvegi og auðveldar plöntunni upptöku næringarefna. Kjörsýrustig er 6 - 6,5 pH. Kölkun er góður kostur til að hámarka nýtingu áburðar. Hentar að bera á að vori sem og hausti. Kornastærð 2-6 mm.

Kalk er notað í ýmsu formi til að hækka sýrustig (pH) jarðvegs, þar sem þörf er á því. Rétt sýrustig jarðvegs hámarkar upptöku næringarefna og steinefna og þar með áburðarnýtingu. Til að áætla nauðsynlegt magn, til að hækka sýrustig í ákjósanleg gildi, eru jarðvegssýni og sýrustigsmælingar nauðsynlegar.

## ÁBURÐARVERÐSKRÁ 2024

Tegund		N	P <sub>2</sub> O <sub>5</sub>	P	K <sub>2</sub> O	K	Ca	Mg	S	B	Se	Vorverð	Hautverð
												Gr. fyrir 15. apríl kr./tonn án vsk.	Gr. 15. október kr./tonn án vsk.
EINGILDUR													
Magni 1 N27 Ca	EINKORNA	27					8,5					81.895	84.428
Magni S N26 Ca + 4S	EINKORNA	26					6,5		4			82.935	85.500
TVÍGILDUR													
Fjölmóði 3 25-5 Ca + Se		25	5	2,2			7,1				0,002	94.190	97.103
ÞRÍGILDUR													
Græðir 1 12-12-17 + Mg	EINKORNA	12	12	5,2	17	14,1	2,7	1,2	8	0,02		120.890	124.629
Græðir 4 24-8-7 + ca + se	EINKORNA	24	8	3,3	7	5,4	2,3		2		0,001	100.843	103.962
Græðir 5 15-15-15 Ca	EINKORNA	15	15	6,6	15	12,4	3,2		4			110.600	114.021
Græðir 6 20-10-10 + Ca + Se	EINKORNA	20	10	4,4	10	8,3	3,3		3		0,001	106.900	110.299
Græðir 8 21-6-12 + Mg	EINKORNA	21	6	2,6	12	9,6	6	1,1	3,6	0,02		104.900	108.144
Græðir 9 27-6-6 + Se	EINKORNA	27	6	2,6	6	5			2		0,002	102.900	106.082
Græðir 9b 27-6-6	EINKORNA	27	6	2,6	6	5			2			100.990	104.113
Fjölgæðir 12 22-8-8 + Ca + Se		22	8	3,3	8	6,2	3		5		0,002	105.900	109.175
UREA Limus® Pro													
UREA Limus® Pro N46 - 500 kg	EINKORNA	46,2										121.640	125.402
UREA Limus® Pro NP38-8 + Se - 500 kg		38	8	3,5							0,002	121.790	125.557
UREA Limus® Pro NPK28-13-11 + Se - 500 kg		28	13	5,7	11	9,2					0,002	119.900	123.608
KORNAÐ KALK													
OMYA Kornað kalk - 600 kg	EINKORNA						35					55.850	57.577

## Verðskrá

Verðskráin er án vsk. og gildir til 1. mars 2024 með fyrirvara um verðbreytingar vegna erlendra verðþróunar, gengisþróunar á evru m.v. skráningu 29. janúar 2024 og ófyrirséðar breytingar á fraktkostnaði. Sýnir verð pr. tonn (án vsk.) miðað við afgreiðslu í 600 kg sekkjum (Limus® Pro 500 kg).

## Greiðslur og afsláttarkjör

Ef staðgreitt er fyrir 15. apríl þá er 3% afsláttur. Greiðsludreifing eða gjalddagi síðar á árinu er í boði með 6% ársvöxtum sem reiknast frá 15. apríl 2024. Dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga.

## Greiðsluskilmálar

Gjalddagi er 1. dagur hvers mánaðar eftir úttektarmánuð. Eindagi er 14 dögum síðar.

## Flutningstilboð

2.500 kr/tonn án vsk. fyrir 6 tonn eða meira ef pantað er fyrir 1. mars 2024, m.v. afgreiðslu frá afgreiðsluhöfn og heim á hlað viðskiptavinar.

Tilboðið gildir ekki fyrir pöntun á viðbótaráburði, sem pantaður er eftir að upphafleg áburðarpöntun hefur verið flutt til viðtakanda.

Verðskráin er með fyrirvara um prentvillur og getur breyst án fyrirvara.

## Hve mikið þarf að bera á?

Taflan sýnir almennt viðmið til áburðargjafar fyrir köfnunarefni, fosfór og kalí. Umsagnirnar og taflan um áburðarmagn eru ætlaðar til að hjálpa þeim sem eru að velta fyrir sér áburðarþörfinni.

Gott er að hafa heyfagnagreiningar og jarðvegsýni til að fá nákvæmari áburðarþarfir. Eins skiptir máli frjósemi jarðvegs og væntingar um gæði og magn gróffóðurs.



Almenn viðmið um áburðarþarfir á tún og akra - kg/ha	N	P	K
<b>GÖMUL TÚN</b>			
- Elstu túnin jafnan slegin einu sinni	80-100	12 -20	30 - 60
- Meðalgóð eldri tún, oftast slegin tvisvar	105-115	15-25	40-70
<b>NÝ TÚN</b>			
- Yngri tún sem gefa enn góða eða þokkalega uppskeru	110-130	22-30	50-70
<b>ENDURRÆKTIR</b>			
- Tún sáð að vori og stefnt að uppskeru sama ár	70-90	30-35	60
<b>GRÆNFÓÐUR</b>			
- Þau ár sem ræktað er tekur þörfin mið af hvaða tegund er ræktað og ræktunarsögu spildunnar	100-140	25-40	40-90
<b>KORN TIL ÞROSKA</b>			
- Fyrsta ár	40-70	18-25	40-60
- Annað og þriðja ár	60-90	18-25	40-60
<b>ÁBURÐUR Á HÁ</b>			
- Undanfarin ár hefur verið gengið út frá	27-50	0-5	0-20

Heimildir RML - Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins

## Hvað hentar?

- Áburður sem hentar á milli slátta á frjósömum túnum : **Græðir 8, Græðir 9, Magni 1 og Magni S**
- Áburður sem hentar með búfjáráburði: **Græðir 8, Græðir 9, Fjölmóði 3 og Fjölgræðir 12**
- Áburður á frjósöm tún : **Græðir 6, Græðir 8, Græðir 9 og Fjölgræðir 12**
- Áburður í nýrækt og á grænfóðursakra: **Græðir 5** eða **Græðir 6**



## FÓÐURBLANDAN

...gæði í hverri gjöf!



# Fóður sem bændur þekkja!

Fóðurblandan framleiðir fóður fyrir nautgripi, fiðurfé, eldisfiska, hesta, kanínur, hunda, sauðfé og svín. Fóðrið er afrakstur stöðugra rannsókna og endurbóta, sem tryggir heilbrigði dýranna og eykur afurðir.

# ÁBURÐARSÖLUMENN

## REYKJAVÍK & SUÐURLAND Sölufulltrúar



Úlfur Blandon  
ulfur@fodur.is  
Sími: 570 9816  
Gsm: 697 4728



Stefanía Gunnarsdóttir  
stefa@fodur.is  
Sími: 570 9822



Einar Ásgeirsson  
einara@fodur.is  
Sími: 570 9802  
Gsm: 661 0816



Jón Þ. Gunnarsson  
jon@fodur.is  
Sími: 570 9812  
Gsm: 897 7468



Pétur Pétursson  
petur@fodur.is  
Sími: 570 9826  
Gsm: 862 0090



Svanfríður Oddgeirsdóttir  
svana@fodur.is  
Sími: 570 9810  
Gsm: 847 4591



Birkir Ármannsson  
Brekku  
birkirarm@gmail.com  
Sími: 487 5646  
Gsm: 898 2464



Einar Gestsson  
Hæli  
einargestsson@gmail.com  
Sími: 486 1058  
Gsm: 860 9682

### FB verslun Selfossi



Ágústa Hjaltadóttir  
agusta@fodur.is  
Sími: 570 9840  
Gsm: 869 8291

## SUÐURLAND & SUÐAUSTURLAND Sölufulltrúar

### FB verslun Hvolsvelli



Tryggvi S. Bjarnason  
tryggvi@fodur.is  
Sími: 570 9850  
Gsm: 893 5440

### Sölufulltrúar



Björn Jónsson  
Höfn  
bjorn@kask.is  
Sími: 470 8222  
Gsm: 893 5444



Björn Helgi Snorrason  
Kálfafelli  
bhsbondi@gmail.com  
Gsm: 848 9872

## VESTURLAND & VESTFIRÐIR Sölufulltrúar



Jóhann P. Ágústsson  
Brjánslæk  
br12@simnet.is  
Sími: 456 2055  
Gsm: 824 3108



Pétur Pétursson  
petur@fodur.is  
Sími: 570 9826  
Gsm: 862 0090



Unnsteinn Árnason  
irisbjorg@simnet.is  
Klúku - Hólmavík  
Sími: 898 8210

## VESTURLAND & DALIR Sölufulltrúar



Helga Rósa Pálsdóttir  
helgrosa@kb.is  
Sími: 430 5500  
Gsm: 865 4247



Pétur Pétursson  
petur@fodur.is  
Sími: 570 9826  
Gsm: 862 0090



Unnsteinn Árnason  
irisbjorg@simnet.is  
Klúku - Hólmavík  
Gsm: 898 8210

## NORÐURLAND VESTRA Sölufulltrúar



Björn M. Svavarsson  
KS - Sauðárkróki  
bjorn.svavarsson@ks.is  
Sími: 455 4626  
Gsm: 825 4626



Guðlaugur Skúlason  
KS - Sauðárkróki  
gudlaugur.skulason@ks.is  
Sími: 455 4620  
Gsm: 825 4620



Jón Hilmar Karlsson  
KVH Hvammstanga  
Sími: 455 2325  
Gsm: 868 8022



Björn Líndal Traustason  
KVH Hvammstangi  
bjorn@kvh.is  
Sími: 455 2300  
Gsm: 864 8946

## NORÐURLAND & NORÐAUSTURLAND Sölufulltrúar



Berglind Ósk Óðinsdóttir  
berglind@bustolpi.is  
Gsm: 693 0148



Hanna Dögg Maronsdóttir  
hanna@bustolpi.is  
Sími: 460 3354



Stefán Grímsson  
Kópasker  
shgsirra@simnet.is  
Sími: 465 2172  
Gsm: 894 0172



Ingvar Olsen  
ingvar@bustolpi.is  
Sími: 840 6363



Thelma Rut Káradóttir  
thelma@bustolpi.is  
Sími: 460 3358

## AUSTURLAND Sölufulltrúar



Sigurbjörn Snæþórsson  
Egilsstaðir  
gilsarteigur@simnet.is  
Gsm: 860 3538

HRÖÐ OG ÖRUGG AFGREIÐSLA  
VERÐUM SNEMMA Á FERÐINI MEÐ ÁBURÐINN

## AFGREIÐSLUSTAÐIR

### VESTURLAND / DALIR / VESTFIRÐIR

ÞÞÞ HF. Akranesi  
trukkur@aknet.is  
Sími: 431 1500

### SUÐURLAND

Kuldaboli, Þorlákshöfn  
kuldaboli@kuldaboli.is  
Sími: 483 3110

### SUÐAUSTURLAND

KASK - Höfn í Hornafirði  
bjorn@kask.is  
Sími: 470 8220

### AUSTURLAND

Sigurbjörn Snæþórsson  
Egilsstaðir  
gilsarteigur@simnet.is  
Gsm: 860 3538


### NORÐURLAND / NORÐAUSTURLAND

Bústólpi ehf.  
bustolpi@bustolpi.is  
Sími: 460 3350

### NORÐURLAND VESTRA

Kaupfélag Vestur Húnavtinga  
Hvammstanga  
Sími: 455 2300

Kaupfélag Skagfirðinga  
Sauðárkróki  
bjorn.svavarsson@ks.is  
Sími: 455 4626  
Gsm: 825 4626



GOTT FLUTNINGSNET

